

Því úrskurðast:

Aðiljum máls þessa ber að veita upplýsingar um framantalin atriði svo fljótt sem verða má.

Miðvikudaginn 17. janúar 1940.

Nr. 1/1940. **Skipaútgerð ríkisins**
gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Matsveina- og veitingaþjónafélags Íslands.

Varadómari cand. jur. Sigurgeir Sigurjónsson í stað Sigurjóns Á. Ólafssonar.

Agreiningur út af skilningi á vinnusamningi. Aðiljar deila um það, hvort ákveðið skip skuli teljast til farþegaskipa.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 12. þ. m., af Skipaútgerð ríkisins gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Matsveina- og veitingaþjónafélags Íslands, og gerir stefnandi þær dómkröfur, að viðurkennt verði að 6. gr. samnings milli aðilja máls þessa, dags. 28. maí 1938, skuli eigi talin í gildi að því er snertir e/s Súðina, frá dómsuppsögn að telja, svo lengi sem skipið telst eigi vera farþegaskip, heldur aðeins flutningaskip. Þá krefst hann og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndi krefst algerðrar sýknu og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Tildrög máls þessa og málavextir eru þannig, að í framannefndum samningi milli aðilja máls þessa er svo kveðið á í 6. gr. hans, að „tala veitingafólks á farþegaskipum ríkisins haldist óbreytt frá því, sem verið hefur . . .“. Þegar e/s Súðin, sem undanfarin ár hefur verið notuð til farþega- og vöruflutninga hér við land, fór með kjótfarm til Noregs s. l. haust, ætlaði stefnandi að fækka þjónustufólki á skipinu, er hann taldi óþarflega margt í slíkri ferð. Stefndi mótmælti þessu, og varð þá að samkomulagi að fækka þjónustufólkinu, en þó svo, að það, sem af skipinu fór hélt venjulegu kaupi og fekk fæðispeninga í landi. Síðan fór Súðin aðra ferð til útlanda, og hélzt þá nefnt samkomulag einnig. En er skrá skyldi

á skipið til nýrrar utanlandsferðar nú í þessum mánuði, krafðist stefndi, að tala veitingafólksins á skipinu yrði sú sama og verið hafði, þegar skipið var í strandferðum hér við land. Þessu neitaði stefnandi með því að e/s Súðin væri ekki lengur farþegaskip. Hún væri nú skráð sem vöruflutningaskip og ætti því ofanefnt ákvæði 6. gr. samningsins frá 28. maí 1938 ekki við um hana nú. Á þetta vildi stefndi ekki fallast, og var því mál þetta höfðað, og gerðar í því framangreindar kröfur. Telur stefnandi að með því að breytt hafi verið svo til um útbúnað e/s Súðarinnar, að hún nú frá byrjun þessa árs hafi aðeins siglingaskirteini sem flutningaskip, en ekki sem farþegaskip, og með því að ákveðið hafi verið, að nefndu skipi verði aðeins haldið úti sem flutningaskipi milli Íslands og útlanda með viðkomu á höfnum úti um land, eftir því sem þarf í sambandi við slíkar siglingar, þá eigi ákvæði fyrrnefndrar 6. gr. ekki við um skip þetta, og hafi stefnandi frjálssar hendur að því er varðar tölu veitingafólks á skipinu.

Stefndi telur hins vegar, að það geti ekki á neinn hátt haggjað ákvæðum nefnds vinnusamnings, að því er e/s Súðina varðar, þótt hún hafi verið skráð sem vöruflutningaskip, enda hafi útbúnaði hennar ekki verið breytt frá því, sem áður var. Hér sé aðeins verið að sniðganga gildandi samninga, og sé stefnanda því með öllu óheimilt að fækka veitingafólkinu á skipi þessu frá því sem áður var, er það var í strandferðum hér við land.

Samkvæmt vottorði skipaskoðunarstjóra, var e/s Súðin skoðuð 8. þ. m. sem flokkað vöruflutningaskip og samkvæmt haffærisskirteini, dags. 9. þ. m., má skipið vera í förum sem flutningaskip við strendur Íslands, og hafskip. Þá hefur og skipaskoðunarstjóri gefið vottorð um það, að samkvæmt alþjóðasamþykktinni frá 31. maí 1929, um öryggi mannlífa á sjónum, fullnægi e/s Súðin alls ekki þeim kröfum, sem gerðar eru til farþegaskipa, sem eru í förum á alþjóðasiglingaleiðum, en Ísland gerðist þátttakandi í greindri samþykkt með auglýsingu 3. júlí 1933. Þá hefur útbúnaði skipsins verið breytt þannig, að sá framhluti skipsins, er skipverjar áður hjuggu í, og 2. farrými, er nú notað fyrir vörur, en nokkurn hluta 1. farrýmis hefir skipshöfnin fengið til íbúðar.

Með tilliti til framanritaðs og þess, að e/s Súðin hefur samkvæmt yfirlýsingu stefnanda verið tekin úr strandferðum og verður framvegis aðeins haldið úti sem flutningaskipi í

millilandasiglingum milli Íslands og útlanda, verður hún ekki, meðan svo er ástatt um hana, sem að framan greinir, talin farþegaskip, samkvæmt 6. gr. fyrrnefnds samnings aðilja frá 28. maí 1938, og gildir því nefnd 6. gr. eigi um þetta skip, eins og nú stendur á um það.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað falla niður.

Því dæmist rétt vera:

E/s Súðin telst ekki til farþegaskipa samkvæmt 6. gr. samnings, dags. 28. maí 1938, milli aðilja máls þessa, og gildir sú grein því ekki um nefnt skip meðan svo er ástatt um það sem að framan greinir.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 13. febrúar 1940.

Nr. 6/1939. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðsfélagsins Fram**

gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Kristjáns Gíslasonar.

Mál út af ágreiningi um það, hvort stofnast hafi vinnusamningur milli málsaðilja.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 24. maí f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. verklýðsfélagsins Fram á Sauðárkróki gegn Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Kristjáns Gíslasonar, Sauðárkróki, og hefur stefnandi gert þær dómkröfur í málinu, að íaxti verklýðsfélagsins Fram, frá 28. apríl 1938, verði viðurkenndur sem bindandi fyrir stefnda sem um skriflegan samning milli aðilja máls þessa væri að ræða. Þá krefst hann og málskostnaðar hér fyrir dómi, eftir mati dómsins. Til vara krefst hann þess, að málskostnaður verði látinn falla niður, þó að kröfur hans verði ekki teknar til greina.

Stefnundur mótmælir því, að nefndur taxti verði viðurkenndur sem samningur milli sín og stefnanda og krefst sýknu og málskostnaðar af stefnanda eftir mati dómsins.